

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/1532****2019/EES/44/23****frá 12. október 2018**

um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu díkvati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Díkvati var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽²⁾ með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/21/EB ⁽³⁾.
- 2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁴⁾.
- 3) Samþykkið fyrir virka efninu díkvati, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 30. júní 2019.
- 4) Tvær umsóknir um endurnýjun á skráningu díkvats í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE voru lagðar fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ⁽⁵⁾ innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.
- 5) Umsækjendurnir lögðu fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1141/2010. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknirnar væru fullgerðar.
- 6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 19. september 2014.
- 7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjenda og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi móttekna athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.
- 8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ⁽⁶⁾, að því er varðar hvort búast megi við að díkvat uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 12. nóvember 2015. Matvælaöryggisstofnunin greindi mikla áhættu fyrir starfsmenn, vegfarendur og íbúa. Matvælaöryggisstofnunin og einn umsækjandi áttu í tæknilegum viðræðum um áhættumat, sem ekki er fæðutengt, eftir birtingu niðurstöðunnar. Í nóvember 2017 upplýsti Matvælaöryggisstofnun Evrópu umsækjandann um að matinu væri lokið með tilliti til hentugustu vísindalegu

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 257, 15.10.2018, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2019 frá 8. maí 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjttíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

(3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/21/EB frá 5. mars 2001 um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna í því skyni að bæta við virku efnunum amitróli, díkvati, píridati og þibendasóli (Stjttíð. EB L 69, 10.3.2001, bls. 17).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjttíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

(5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjttíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

(6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2015. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance diquat.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015, 13(11), 4308, 127 bls.

aðferðarinnar en að framkvæmdastjórnin gæti talið að nauðsynlegt væri að endurmeta váhrif af völdum díkvats, sem ekki eru fæðutengd, með því að senda Matvælaöryggisstofnun Evrópu umboð. Framkvæmdastjórnin veitti Matvælaöryggisstofnun Evrópu umboð fyrir þessu endurmati á váhrifum af völdum díkvats, sem ekki eru fæðutengd, 19. febrúar 2018. Hinn 17. apríl 2018 ⁽¹⁾ staðfesti Matvælaöryggisstofnunin mikla áhættu fyrir vegfarendur og íbúa að því er varðar allar sviðsmyndir. Auk þess kom í ljós mikil áhætta fyrir fugla ⁽²⁾.

- 9) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjendunum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar, yfirlýsingu Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 2018 og, í samræmi við 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1141/2010, drögin að endurskoðunarskýrslunni. Umsækjendurnir lögðu fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.
- 10) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjendurnir settu fram var þó ekki hægt að eyða áhyggjuefnunum varðandi efnið.
- 11) Af þessum sökum hefur ekki verið staðfest, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur díkvat, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, séu uppfylltar. Því er rétt að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu díkvati í samræmi við b-lið 1. mgr. 20. gr. þeirrar reglugerðar.
- 12) Gefa ætti aðildarríkjunum nægan tíma til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda díkvat.
- 13) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda díkvat ætti þessi frestur að renna út eigi síðar en 4. febrúar 2020.
- 14) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir díkvati í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 15) Fastanefndin um plöntur, dýr, matvæli og fóður skilaði ekki álitni innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setti. Talin var þörf á framkvæmdargerð og lagði formaðurinn drög að framkvæmdargerð fyrir málskotsnefndina til frekari umfjöllunar. Málskotsnefndin skilaði ekki álitni.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni ekki endurnýjað

Samþykki fyrir virka efninu díkvati er ekki endurnýjað.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríkin skulu afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda díkvat sem virkt efni eigi síðar en 4. maí 2019.

3. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu vera eins stuttir og unnt er og skulu renna út eigi síðar en 4. febrúar 2020.

4. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 falli 15. lína, díkvat, brott.

⁽¹⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2018. Yfirlýsing um váhrif af völdum díkvats sem ekki eru fæðutengd. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018, 16(4), 5260, 111 bls.

⁽²⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2015. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance diquat.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015, 13(11), 4308, 127 bls.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
